

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMUR

Garðabær, 6. september 2024
Málsnúmer: 202408-0047
LA

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Vigraholt í Helgafellssveit

Vísað er í tvö tölvubréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem bárust gegnum Skipulagsgátt þann 24. júlí 2024. Annars vegar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og hins vegar er óskað eftir umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir Vigraholt þar sem fyrirhuguð er frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslunar- og þjónustusvæði. Báðum erindum sveitarfélagsins er svarað í þessu bréfi.

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 einbýlishúsum, allt að 33 frístundahúsum og þremur lóðum fyrir verslun og þjónustu þar sem áform eru um að reisa allt að 16 m hátt hótél með 60 herbergjum, 25 gistirými í smáhúsum, veitingastað, handverksbrugghús og baðlón. Fram kemur í umhverfisskýrslu að sveitarfélagið Stykkishólmur stefnir að uppbyggingu íbúðarbyggðar í landi Saura, þ.e. í Birkilundi, Vigraholti og Þingskálanesi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna tillögu að aðalskipulagsbreytingu þann 15. mars 2024 og um nýtt deiliskipulag á vinnslustigi þann 28. júní 2024. Í þeim umsögnum kemur fram að Náttúrufræðistofnun telur staðsetningu fyrir svo umfangsmikla uppbyggingu sem áformuð er á Vigraholti vera óheppilega þar sem um er að ræða að mestu óraskað svæði sem einkennist af verðmætum vistgerðum og miklu fuglalífi. Svæðið er auk þess jaðarsvæði við strandsvæði sem tilheyra verndarsvæði Breiðafjarðar. Fyrirhugaðri uppbyggingu mun óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á ósnortnu landi ríku af náttúruminum. Jafnframt benti stofnunin á að þörf væri á nákvæmari kortlagningu vistgerða, sérstaklega votlendi sem líklega væri vanmetið á svæðinu miðað við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar, sem og úttekt á fuglalífi svæðisins.

Í skipulaginu eru skilgreindir stórir byggingarreitir innan flestra lóðanna sem getur orðið til þess að mest allur staðargróður hverfi þrátt fyrir að skilmálar séu settir um að lágmarka eigi rask á birkiskógum. Mótvægisáðgerðir fela í sér að gróðursetja á sambærilegan skóg og raskað er annars staðar innan deiliskipulagsins. Ekki kemur fram hvar sú skógrækt verður. Í umhverfisskýrslunni eru áhrif á vistkerfi/gróður metin fremur neikvæð á staðbundnum svæðum, aðallega innan frístunda- og íbúðabyggðar, og tekur Náttúrufræðistofnun undir það mat en ekki undir þær niðurstöður umhverfismatsins að áhrif á umhverfispætti er varða landslag, jarðmyndanir og dýralíf (fuglar) verði óverulegar. Á heildina litið felur skipulagið í sér miklar og óafturkræfar breytingar á landslagi og náttúrufari svæðisins og metur stofnunin umhverfisáhrif á þessa þætti því líkleg til að vera talsvert neikvæð.

Ekki er að sjá að miklar breytingar hafi verið gerðar á skipulagstillögum frá fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar og því eiga þær ábendingar sem þar koma fram enn við.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ábjörnsdóttir

Lovísa Ábjörnsdóttir
jarðfræðingur

